

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### **Varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum Reykjavíkur**

Á fundi borgarstjórnar þann 14. febrúar 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga Emblu Maríu Möller Atladóttur, fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

*Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að hefja vinnu við innleiðingu skyldunáms í fjármálalæsi í samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar. Miða skal við að kennsla hefjist í öllum grunnskólum eigi síðar en á haustmisseri 2024.*

Greinargerð fylgdi tillögunni.

#### **Umsögn:**

Í gildandi aðalnámskrá grunnskóla frá 2013 er fjármálalæsi ekki talið sérstakt námssvið eða námsgrein. En fjallað er um fjármálalæsi samhliða umfjöllun um sjálfbærni og þess getið að neytendafræðsla og fjármálalæsi séu mikilvægar forsendur þess að geta metið þarfir okkar í nútíð og framtíð. Fjármálalæsi er talið upp sem hluti af hæfniviðmiðum fyrir heimilisfræði og í samfélagsgreinum. Í hæfniviðmiðum fyrir vinnubrögð og beitingu stærðfræði er nefnt mikilvægi þess að nemendur geti tekist á við verkefni úr umhverfi sínu eða samfélaginu, m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins.

Í kjölfar fyrirspurnar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í skóla- og frístundaráði í febrúar 2020 um stöðu kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum borgarinnar var lögð könnun fyrir skólastjóra grunnskólanna í apríl/maí 2020. Í svörum skólastjóranna kom fram að í sex skólum væri fjármálalæsi kennd sem sérstök námsgrein en í öðrum skólum sem hluti af stærðfræði eða samfélagsgreinum/lífsleikni (sjá töflu 1).

**Tafla 1. Hvernig er kennslu í fjármálalæsi háttað í skólanum þínum? (Merkja við allt sem við á)**

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Fjármálalæsi er kennt sem sérstök námsgrein	6	12%
Fjármálalæsi er kennt sem hluti af námi og kennslu í stærðfræði	27	53%
Fjármálalæsi er kennt sem hluti af námi og kennslu í lífsleikni	18	35%
Alls	51	100%




Tæplega helmingur skólastjóranna nefndu að stuðst væri við námsefni frá Fjármálaviti (<https://fjarmalavit.is/>), þ.e. *Fyrstu skref í fjármálum* eftir Gunnar Baldvinsson, en einnig var nefnt efni frá Menntamálastofnun, bækur og ýmislegt efni af netinu, annað námsefni í stærðfræði og verkefni sem kennarar útbúa fyrir nemendur.

Í almennum athugasemdum skólastjóranna vorið 2020 kom fram að þeir töldu nám í fjármálalæsi mikilvægt, það gagnist nemendum vel og veki áhuga þeirra. Ástæða sé til að hefja nám í fjármálalæsi ekki síðar en í 8. bekk til að auka skilning nemenda á sambandi atvinnu, fjármála og ábyrgðar, bæði í einkalífi og við rekstur samfélags og félaga. Ánægja var með samstarf við félagið Fjármálalæsi en óskað eftir aðgengilegu efni fyrir yngri nemendur. Það sjónarmið kom fram að ekki væri nauðsynlegt að kenna fjármálalæsi sem sérstaka námsgrein í skólanum því kennarar væru þegar að vinna með það í tengslum við stærðfræði og aðrar greinar.

Í spurningavagni sem sendur var til skólastjórnenda í maí 2023 voru nokkrar spurningar um kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum borgarinnar. Í svörum skólastjórnenda kom fram að kennsla í fjármálalæsi fer fram í einhverju formi í öllum skólum borgarinnar en fyrirkomulag og umfang kennslunnar er með nokkuð ólíkum hætti. Í 29 skólum er fjármálalæsi kennt sem hluti af námi og kennslu í stærðfræði. 13 skólum er fjármálalæsi kennt sem hluti af námi og kennslu í lífsleikni en í 7 skólum hefur fjármálalæsi verið kennt sem sérstök námsgrein. Í 9 skólum var fjármálalæsi sagt kennt sem hluti af öðrum námsgreinum; sem hluti af samfélagsfræði, sem sérstök valgrein eða sem hluti af námsefni í textíl, myndmennt og heimilisfræði.

Skólastjórar voru beðnir að tilgreina þá árganga sem höfðu fengið kennslu í fjármálalæsi á yfirstandandi skólaári og eru upplýsingar um svör í mynd 1. Samkvæmt svörum skólastjórnenda voru dæmi um kennslu í fjármálalæsi í öllum árgöngum grunnskólans. Algengast var að nemendur í 10. bekk hefðu fengið kennslu í fjármálalæsi eða í 23 skólum en í fæstum tilvikum fengu nemendur í 1. – 4. bekk sérstaka kennslu í fjármálalæsi eða í fimm til sex skólum.

**Mynd 1. Fjöldi árganga sem fengu kennslu í fjármálalæsi á þessu skólaári**





Skólastjórar voru jafnframt beðnir um að gefa upp áætlaðan fjölda kennslustunda í fjármálalæsi í hverjum árgangi en þar sem aðeins hluti gáfu upp áætlaðan fjölda kennslustunda var ekki hægt að taka þær upplýsingar saman með marktækum hætti. Einnig voru skólastjórar spurðir hvaða námsefni hefði verið stuðst við í kennslu í fjármálalæsi í skólanum og kom í ljós að um mjög fjölbreytt námsefni væri að ræða sambærilegt við það sem fram kom í svörum stjórnenda vorið 2020. Spurt var um hvort og þá hvernig námsárangur í fjármálalæsi væri metinn og svaraði helmingur skólastjórnenda að námsárangur í þeirra skóla væri metinn og svöruðu flestir að árangurinn væri metinn út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár en einnig með verkefnavinnu, prófum og jafnvel keppnum.

Skólastjórnendur voru beðnir að áætla þann fjölda kennara sem hefði sótt námskeið um fjármálalæsi á þessu eða síðasta skólaári og kom í ljós að skólastjórnendur höfðu vitneskju um 10 kennara sem hefðu sótt slík námskeið en þó er hugsanlegt að kennarar hafi sótt námskeið í fjármálalæsi án þess að skólastjórnenda væri kunnugt um það þar sem t.d. Fjármálavit hefur boðið kennurum upp á ókeypis námskeið í kennslu fjármálalæsis.

Í almennum athugasemdum skólastjóranna vorið 2023 kom fram að í einum skóla væru mjög færir kennarar sem hefðu sérhæft sig í kennslu í fjármálalæsi þar sem áherslu væru einnig samþættar inn í lokaverkefni nemenda í 10. bekk þar sem nemendur m.a. stofna fyrirtæki. Jafnframt var óskað eftir námskeiðum fyrir kennara í fjármálalæsi og námsefni fyrir allan aldur sem tengja mætti kennslu í stærðfræði og lífsleikni.

Fagskrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur verið í góðu samstarfi við félagið Fjármálavit um fræðslu fyrir kennara um fjármálalæsi og boðið hefur verið upp á námskeið um efnið á hverju ári undanfarin ár, bæði í sumarsmiðjum kennara og á starfstíma skóla. Þau námskeið eru nú unnin í samstarfi við Opna háskólann í Reykjavík. Námskeiðin hafa verið vel sótt og verið skólum og þátttakendum að kostnaðarlausu. Leiðbeinendur á námskeiðunum hafa að undanförunni verið kennarar á unglingastigi í grunnskóla í borginni, annars vegar höfundur námsefnisins *Fyrstu skref í fjármálum* og hins vegar kennari með viðskiptafræðimenntun auk kennsluréttinda. Fjármálavit hefur einnig útvegað skólum námsefni í fjármálalæsi þeim að kostnaðarlausu.

Að auki hefur Miðja máls og læsis á þessu skólaári haldið kynningu á nýlegu námsefni Skóla Akademiunnar ehf. um fjármálalæsi fyrir grunn- og framhaldsskóla og keypt aðgang fyrir kennara sem sóttu kynninguna að rafrænu kennsluefni.

Þess má geta að tveir grunnskólar í Reykjavík voru í þremur efstu sætunum í *Fjármálaleikum* sem félagið stendur fyrir árlega og samtals um tíu skólar í Reykjavík hafa verið í tíu efstu sætum keppninnar á undanförunum sex árum.

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 23. mars 2021, var lögð fram svohljóðandi tillaga Emblu Maríu Möller Atladóttur frá ungmennaráði Grafarvogs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að hefja vinnu við innleiðingu skyldunáms í fjármálalæsi í samstarfi við grunnskóla borgarinnar. Miða skal við að kennsla hefjist í öllum grunnskólum eigi síðar en á haustmíssi 2021.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu á fundinum sem var samþykkt:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið hvetji skólastjórnendur og kennara í grunnskólum til að efla kennslu í fjármálalæsi á öllum stigum grunnskóla frá og með haustönn 2021 og nýta öll þau tækifæri sem gefast í skólastarfinu til að sinna þessum mikilvæga þætti til að búa nemendur undir líf og starf.